

LISTIR

Menningarmálanefnd Reykjavíkur

30 milljónir til að styrkja menningarstarfsemi


Í NÝSAMÞYKKTRI fjárhagsáætlun fyrir Reykjavíkurborg er gert ráð fyrir að Menningarmálanefnd Reykjavíkur fái 30 milljóna króna fjárveitingu til að styrkja menningarstarfsemi í borginni. Er þetta sama upphæð og nefndin hafði úr að móða á liðnu ári.

Nýlega auglýsti Menningarmálanefnd eftir umsóknum um styrki til menningarstarfsemi, það er styrki til listamanna, hópa og stofnana vegna liststarfsemi eða einstakra verkefna. Umsóknarfrestur er til 1. mars næstkomandi og ber umsækjendum að gera grein fyrir tilefni umsóknar og fjármögnun til viðbótar umsóttum styrk.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir Reykjavíkurborg 1995 var í fyrsta sinn gert ráð fyrir að styrkbeiðnir sem flokkaðar yrðu eftir málaflökum væru afgreiddar beint frá þeirri nefnd sem fjallaði um viðkomandi málaflök. Þannig voru allar styrkumsóknir sem snertu menningarmál sendar beint til Menningarmálanefndar sem fjallaði um þær og sendi tillögur sínar um úthlutun til borgarráðs til samþykktar. Áður hafði ýmist verið leitað eftir umsögn nefndarinnar um styrkbeiðnir eða þær verið afgreiddar beint frá borgarráði eða hvort tveggja.

Styrkir voru veittir þrisvar á síðastliðnu ári að undangengnum auglýsingum. Alls bárust 203 umsóknir frá 162 aðilum en veittir voru 90 styrkir til 82 aðila.

Guðrún Jónsdóttir formaður Menningarmálanefndar Reykjavíkur sagði á blaðamannafundi í gær að lítið hefði verið á árið 1995 sem hálfgerð tilraunaár í þessu tilliti og fyrirkomulagið hefði þótt gefast vel.



Morgunblaðið/Sverrir

GUÐRÚN Jónsdóttir, formaður Menningarmálanefndar Reykjavíkur, á blaðamannafundinum í gær, þar sem fyrirkomulag á styrkveitingum nefndarinnar fyrir árið 1996 var kynnt.

„Það er vissulega alltaf hægt að færa til en við teljum okkur hafa fundið fyrirkomulag sem geti gengið til frambúðar.“

Auglýst tvisvar

Í ár verður fyrirkomulag með sama sniði og í fyrra nema ákveðið var að auglýsa eftir styrkumsóknum tvisvar, í febrúar annars vegar og september eða október hins vegar. „Það gafst ekki nógu vel að auglýsa í þriggja,“ sagði Guðrún og bætti við að í ár yrði gengið meira eftir því að kanna hvernig styrkir hefðu komið að gagni.

Formaðurinn sagði að engar fastar reglur væru um úthlutun til hinna ýmsu listgreina. „Styrkjum er úthlutað þar sem þörfin er fyrir hendi.“ Á liðnu ári var hæstri upphæð, liðlega

12 milljónum króna, varið til tónlistarmála. Rösklega 6 milljónir runnu til leiklistar og annað eins til myndlistar. Þá komu tæpar 5 milljónir í hlut bókmenna og annarra greina.

Samkvæmt reglum borgarinnar um afgreiðslu styrkumsókna má úthluta allt að 2/3-3/4 af fjárveitingu nefndarinnar strax í kjölfar samþykktar fjárhagsáætlunar borgarinnar en þriðjungur til fjórðungur heildarframlags skal notaður til að mæta úthlutun styrkja að hausti.

Ennfremur mun Menningarmálanefnd Reykjavíkur halda uppteknum hætti og auglýsa styrk til starfrækslu strengjaktetts hjá Reykjavíkurborg í aprílmánuði og starfslaun listamanna eigi síðar en 15. maí. Þá verður borgarlistamaður valinn og kynntur 17. júní.



KAMMERSVEIT Reykjavíkur.

Meistarar tuttugustu aldar

Á TÓNLEIKUM í Listasafni Íslands næstkomandi mánudagskvöld, 12. febrúar, kl. 20.30 teflir Kammerveitin saman nokkrum af meisturum 20. aldarinnar. „Verk þessara meistarar heyrast ekki oft hér á landi og munu sum verkin ekki hafa heyrst hér fyrr. Þessi tónskáld hafa öll nú þegar markað sín spor í tónlistarsöguna og teljast nokkur þessara verka tímamótaverk. Með þessum heimsfægu nöfnum setjum við okkar meistarar þessa tíma, Jón

Leifs,“ segir í kynningu.

Á efnisskránni eru eftirtalin verk. A. Webern: Konsert op. 24 (1934), E. Varése: Octandre (1923), Jón Leifs: Kvintett op. 50 (1960), L. Berio: Serenata I (1957) og G. Crumb: Madrigalar I-IV (1965-1969).


Einleikari í verki Berios er Martian Nardeau flautuleikari, Marta G. Halldórsdóttir syngur einsöng í Madrigölum Crumbs og stjórnandi á tónleikunum er Bernharður Wilkinson.

Tilhleypingar

SÝNING á lokaverkefnum nýtskrifaðra arkitekta verður opnuð laugardaginn 10. febrúar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu á 2. hæð í vesturenda byggingarinnar.

Arkitektarnir sem sýna eru: Arnór Skúlason, Ásdís Inghórsdóttir, Ásmundur Hrafn Sturluson, Gunnar Stefánsson, Gunnlaugur Ó. Johnson, Hrafnhildur Jónsdóttir, Hrefna Björg Þorsteinsdóttir og Jóhann Stefánsson.

Sýningin er opin frá 11.-25. febrúar alla daga frá kl. 14-18 og lýkur 25. febrúar. Sýningin er öllum opin og er aðgangur ókeypis.



VERK Oliviers Debré.

Olivier Debré gefur Listasafni Reykjavíkur gjöf

SÝNING Oliviers Debré á Kjarvalsstöðum sem opnuð var 13. janúar síðastliðinn hefur fengið góðar viðtökur og fjöldi gesta hefur sótt sýninguna heim. Sýningin kemur frá Jeu de Paume listasafni í París og er styrkt af AFAA (Stofnun fyrir franska myndlist erlendis).

Olivier Debré fæddist í París árið 1920, þar sem hann hefur verið búsettur síðan og unnið að list sinni.

Olivier Debré kom sjálfur til landsins í tilefni af sýningunni

og dvaldi hér í nokkra daga. „Hann hreifst af fegurð landsins og notaði meðal annars tímamót til þess að mála úti í náttúrunni. Gjöf hans til Listasafns Reykjavíkur samanstendur af einu málverki og tveimur litógrafíum. Málverkið er eitt þeirra verka sem hann vann hér á meðan dvöl hans stóð. Koma hans hingað til lands og þessi höfðinglega gjöf er mikill heiður fyrir Listasafn Reykjavíkur og góð viðbót við hið alþjóðlega samhengi safnsins,“ segir í kynningu.

Söngleikurinn Grettir

LEIKLISTARKLÚBBUR NFFA frumsýnir söngleikinn Grettir eftir Ólaf Hauk Símonarson, Þórarín Eldjárn og Egil Ólafsson í sal Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi laugardaginn 10. febrúar næstkomandi.

Söngleikurinn Grettir var fyrst frumsýndur af Leikfélagi Reykjavíkur í Austurbæjarbíói árið 1980 og naut vinsælda. Síðan þá hafa þó nokkur áhugafélög „glímt“ við Gretti.

„Söngleikurinn fjallar um Gretti Ásmundsson sem er u.þ.b. 16 ára unglingur í vafasömum félagsskap og býr í Breiðholti. Grettir lendir vegna ýmissa at-

burða upp á kant við skólann og lögin og lendir í fangelsi. Þar er hann „uppgötvaður“ og verður stórstjarna. En eins og með nafna hans í Grettissögu hinni fornu, þá verður ekki sagt um hann að gæfan elti hann,“ segir í kynningu.

Leikstjóri er Jakob Þór Einarsson og aðalleikarar eru Einar Karl Birgisson, Snæbjörn Sigurðarson, Hulda Björg Sigurðardóttir, Rúnar Magni Jónsson, Valgerður Jónsdóttir og Kristín Stefánsdóttir. Söngstjóri er Flosi Einarsson.

Allar sýningar hefjast kl. 20.30.



LEIKLISTARKLÚBBUR NFFA frumsýnir söngleikinn Grettir í sal Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi á laugardag.

VEGGLJÓS

Höfundur: Ziliani • Kr. 12.500

CHARLIE

Casa

MÖRKINNI 3 • SÍMI 588 0640